

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 167.

20. maí 1968.

REGLUGERÐ**um póst- og símaskóla.****1. gr.**

Stofnaður skal sérstakur skóli, póst- og símaskóli, til að sjá um menntun starfsmanna pósts og síma með tilliti til þarfa stofnunarinnar um sérhæft starfsfólk.

Námið er verklegt og bóklegt. Þegar verklegi hluti námsins fer fram á vinnustað, er skólanum ætlað að hafa yfirumsjón með því og tilheyrandi prófi. Þegar henta þykir, má bóklega námið að meira eða minna leyti fara fram í bréfaskólaformi.

2. gr.

Skólanum stjórnar 5 manna nefnd sérfróðra manna, hvers á sínu sviði, og skal hún skipuð af póst- og símamálastjóra til 3 ára í senn.

Póst- og símamálastjóri ræður skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjórinn sér um undirbúning og rekstur skólans, kennslu og framkvæmd prófa í samræmi við fyrirmæli skólanefndar.

Skólanefndin ræður kennara og prófdómara, velur kennslubækur og prófverkefni í samráði við skólastjóra og hlutaðeigandi kennara.

3. gr.

Póst- og símamálastjóri setur nánari reglur um námið í hverjum ofanefndra flokka, að fengnum tillögum skólanefndar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 8/1935, öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherra, 20. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.